



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík 15.03.2018

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 14. mars 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Reitur 1.174.0 Landsbankareitur

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar 2018 þar sem gerð er athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda. Einnig er lagður fram uppdráttur dags. 10. október 2017 br. 3. mars 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. mars 2018.

Samþykkt.

Visað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjöl: bréf Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar 2018, uppdráttur dags. 10. október 2017 br. 3. mars 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. mars 2018.

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2018
Tilvísun: 201801125 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi Landsbankareits, Hverfisgata 88A, 90 og 92A,

Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 23. janúar 2018, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi Landsbankareits, vegna Hverfisgötu 88A, 90 og 92A, til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 5. janúar 2018. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í borgarráði þann 9. nóvember 2017 og afgreidd á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 12. janúar 2018.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að lóðirnar að Hverfisgötu 88A og Hverfisgötu 90 eru sameinaðar. Byggingarmagn lóðanna leggst saman á sameinaða lóð. Kvöð um flutning Hverfisgötu 92 er felld út en þess í stað verði heimilt að fjarlægja húsið og byggja nýtt.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdretti dags. 10. október 2017. Mælikvarði uppráttar kemur ekki fram.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna:

- Í auglýsingum vegna breytingartillögunnar og í samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 1. nóvember 2017, sem samþykkt var í borgarráði 9. nóvember 2017 og vísað er til í bréfi til Skipulagsstofnunar kemur fram að skilmálar vegna Laugavegar 67A breytast einnig, þ.a. að heimilt sé að rífa núverandi hús og byggja aftur í upprunalegri mynd. Umfjöllun um þessa breytingu er hinsvegar hvorki að finna á uppdretti né í greinargerð deiliskipulagsbreytingarinnar.

Auk þess er bent er á að mælikvarða og norðurpílu vantar á kortblað.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir



Reykjavík 9. mars 2018/MP

Landsbankareitur , Hverfisgata 88A,90 og 92A

Tilvísun: 20180125/3.5

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar 2018 þar sem gerð er athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.

Gerðar eru athugasemdir við að í auglýsingum vegna breytingartillögunnar kemur fram að breytingar eigi sér stað á lóðunum Hverfisgötu 88A og 90, en einnig Laugavegi 67B. Á Laugavegi 67B er samkvæmt auglýsingunni gert ráð fyrir að heimilt verði að rífa húsið og byggja það upp í upprunalegri mynd, en sú breyting kemur hvorki fram á uppdrætti né í skilmálum/greinargerð. Skipulagsstofnun bendir einnig á að það vanti inn á uppdráttinn norðurpílu og mælikvarða.

Greinargerð

Ástæðan fyrir því að Laugavegur 67B var enn inni í auglýsingum og erindi, var að meðan á skipulagsferlinu stóð, ákvað verktaki að falla frá öllum umsóknum um breytingu á Laugaveg 67A á þessu stigi.

Verktakinn vildi heldur einbeita sér að því fá Hverfisgötu 88-90 samþykkt. Því voru ekki sýndar neinar breytingar á uppdrætti, né skilmálum/greinargerð.

Það láðist hjá embætti skipulagsfulltrúa að breyta erindinu og taka út Laugaveg 67B og tilkynnti auglýsingin einnig breytingar á þeirri lóð, eins og í upphaflegu erindi. Engar athugasemdir bárust vegna breytinganna.

Uppdrátturinn er því réttur eins og hann er varðandi þetta atriði, en í auglýsingunni var upphaflega erindið um niðurrif og endurbyggingu inni.

Hönnuður hefur nú sett inn norðurpílu og mælikvarða á uppdráttinn og verður hann lagður fyrir umhverfis- og skipulagsráð og borgarráð til endanlegrar afgreiðslu.

Umsögn

Uppdráttur hefur verið lagfærður í samræmi við athugasemdir Skipulagsstofnunar og málið verður lagt á ný fyrir umhverfis- og skipulagsráð og borgarráð til samþykktar.

F.h. skipulagsfulltrúa
Margrét Þormar

